

Skólaráð

19.október 2012 kl. 13:00

Mætt eru: Alda, Sólveig, Eysteinn Sölvi, Rósborg, Árni Jón, Guðlaug Ósk, Þóranna, Þórhildur, Gróa.

1. Farið yfir starfsáætlun og fundarmenn setja inn fundarpunkta sem ákveðið er að taka fyrir í vetur. Samþykkt að hafa 5 fundi á skólaárinu á föstudögum kl. 13:00. Fundartími settur niður á starfsáætlun með samþykkt allra fundaraðila.
2. Fulltrúi grenndarsamfélagsins kosinn
 - a. Lára Helgadóttir hefur sýnt áhuga á að vera fulltrúi Aftureldingar í skólaráði. Samþykkt með öllum atkvæðum að leita til hennar að sitja fundi með okkur í vetur.

3. Önnur mál

- Kynnt er fjárhagsáætlun. Umræða um hana og fulltrúar foreldra lásu upp ályktun sem þeir vilja senda til bæjarins í ljósi gerð fjárhagsáætlunar Varmárskóla. Skólinn er að auka aðeins fjárhagsáætlunina vegna fjölgunar bekkja m.a. Rætt um tölvukaup og fjármagn til þeirra, einnig rætt um ekki nægjanlega umgengni í tölvustofu
- Skólinn tekur þátt í Nordplus verkefni, valáfangi og eru þeir kennarar að fara með 18 nemendur til Svíþjóðar.
- Verið er að endurnýja myndavélakerfið í anddyri og fyrir utan. Rætt um að myndavélar þyrftu að vera í hverju bili í anddyri.
- Nemendur spurðir um hvernig skólaárið fari af stað. Nemendur telja að það fari ágætlega fari af stað. Fulltrúar nemenda ræða um úreltar skólareglur t.d. húfur inni. Þeim finnst þetta vera úreltar og vilja sjá endurskoðun á því. Þórhildur ræðir um að þetta séu reglur sem eru í skólanum og við ætlum að standa við þær. Starfsfólkið vill sjá framan í börnin og taka að ofan þegar þau koma inn. Þetta eru engu að síður reglur sem ekki allir séu sammála en þetta séu reglur sem búið er að ákveða að framfylgja í vetur. Hinsvegar nefndi Þórhildur að tekin var ákvörðun um að reglur um síma hafi verið liðkaðar og nú megi nemendur hafa símana sýnilega en gæta þess að þeir hringi ekki.

Fundi slitið kl. 14:00

Þóranna Rósa Ólafsdóttir